

**Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU - 56. fundur
haldinn að Laugarvatni, 14. nóvember 2018
og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Árni Eiríksson, Björgvin Skafti Bjarnason, Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Guðmundur J. Gíslason og Rúnar Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Harðardóttir.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2019.

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun embættisins fyrir fjárhagsárið 2019. Farið var yfir forsendur áætlunarinnar. Nefndin samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti og vísar henni til afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögunum.

2. Starfsmannamál.

Rædd voru starfsmannamál embættisins.

Samþykkt er að hafna öllum umsóknum um starf skipulagsfulltrúa sem auglýst var í október með fresti til 4. nóvember s.l.

Nefndin samþykkir að auglýsa eftir aðstoðarmanni byggingarfulltrúa og er formanni falið að vinna málið áfram.

Árni Eiríksson
Halldóra Hjörleifsdóttir

Helgi Kjartansson
Björgvin Skafti Bjarnason

Ingibjörg Harðardóttir
Rúnar Guðmundsson